

07.11.7

Stífla í framboðsmálum Kvennalistans:

# Urgur í konum í Reykjavík

*DV  
19.12.  
194*  
— þrýst á Kristínu Halldórsdóttur í framboð á Reykjanesi

Prátt fyrir að forvali Kvennalistans í Reykjavík hafi lokið fyrir viku hefur uppstillingarnefnd ekki enn gert frambjöldendum grein fyrir niðurstöðunni. Samkvæmt heimildum DV hefur betta valdið gremju meðal kvennanna 16 sem sækjast eftir setu í efstu 10 sætunum.

Samkvæmt forvalsreglunum er forvalið bindandi hafi 60% prósént „flokkusbundinna“ kvenna tekið þátt í forvalinu, þó að því tilskildur að viðkomandi frambjóðandi hafi fengið minnst helming greiddra atkvæða. Samkvæmt áreiða:leg-

um heimildum DV var þáttakani ekki nægileg i forvalinu til að það teljist bindandi. Þetta mun verða tilkynnt á félagsfundin Kvennalistans í Reykjavík á morgun.

Samkvæmt heimildum DV eru miklar líkur á því að Kristín Ásteigarsdóttir munu leda framboðslistann í Reykjavík í næstu kosningum. Mikil óvissa er hins vegar um hvaða konur skipi annað og þrója sætið. Baráttan um þessi sæti stendur einkum á milli þeirra Þorunnar Sveinbjarnardóttur annars vegar og hins vegar þeirra Elinar G. Olafsdóttur, Mariu Jóhannu

Lárusdóttur og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur.

Á Reykjanesi er forvali einnig lokioð og er uppstillingarnefnd enn að störfum. Samkvæmt heimildum DV varð Bryndis Guðmundsdóttir hlutskörpust í forvalinu. Ekki er þó einsynt að hún skipi fyrsta sætið því mjög hefur verið þrýst á Kristínu Halldórsdóttur að taka þetta sæti. Kristín gaf hins vegar ekki kost á sér í forvalinu og því verður það uppstillingarnefndar að taka ákvörðun, meðal annars með tilliti til undirskrifstofa frá stuðningsmönnum Kristínar. —kaa

## Niðurstöður í forvali Kvennalistans kynntar í janúar

*Mbl.  
21.12.  
194*

UPPSTILLINGARNEFND Samtaka um kvennalisti í Reykjavík kom saman í gær til að endurtelja atkvæði í forvali um skipan efstu sæta á framboðslistannum í Reykjavík. Að sögn Guðrúnar Agnarsdóttur, sem sæti á í nefndinni, var engin sérstök ástæða fyrir því að atkvæðin voru talin á ný önnur en að nefndin hafi viljað að enginn væfi léki á niðurstöðunni, en hún verður ekki gerð opinber fyrir á félagsfundin 1 janúar.

Niðurstaða forvalsins er ekki bindandi þar sem ekki reynist næg þáttaka en miðað var við að 60% kvennalistakvenna greiddu atkvæði um röðun þeirra 16 kvenna sem gáfu kost á sér á listann.

„Við þurum að huga betur að þessu, væntanlega að tala við konurnar og skipa öllum á lista og síðan

verður haldinn fundur snemma í janúar þar sem listinn verður kynntur,“ segir Guðrún.

### Þrýst á Kristínu Halldórsdóttur

Samskonar staða er uppi á Reykjanesi en þar urðu niðurstöður skoðanakönnunar sem efnt var til ekki bindandi vegna ónógrar þáttöku og er uppstillingarnefnd enn að störfum við að fara yfir röðunina á listann. Að sögn Önnu Ólafsdóttur Björnsson, sem sæti á í nefndinni, voru skráðar Kvennalistakonur beðnar um að senda inn tilnefningar og var svo efnt til forvals um röðun þeirra kvenna sem gáfu kost á sér í tíu efstu sætin. Þótt niðurstöður forvalsins lægju fyrir voru þær ekki kynntar á félagsfundin sem haldinn

var fyrir tæpum tveimur vikum, skv. upplýsingum Morgunblaðsins, og voru nokkrar Kvennalistakonur ekki sáttar við þetta. Hafa þær að undanföru safnað undirskriftum með áskoran á Kristínu Halldórsdóttur fyrrv. þingkonu, að gefa kost á sér í efsta sæti framboðslistans, en hún hafði áður hafnað því.

Anna sagði að beðið yrði eftir því hvort Kristín breytti afstöðu sinni áður en gengið yrði endanlega frá þessum málum og kvaðst hún ekki gera ráð fyrir að framboðslisti lægi fyrir fyrr en í janúar.

Kristín sagðist í samtali við Morgunblaðið í gær hafa tekið þá ákvörðun í haust að gefa ekki kost á sér og hún hefði ekki breytt um afstöðu. Hún sagðist skoða málin í rólegheitum ef hún fengi áskoranir í hendur.